



Nr. 09/2021

Tilkynning um dráttarvexti og vexti af peningakröfum

Fyrsti kafli hér að neðan um dráttarvexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, og gilda dráttarvextir sem þar eru sýndir í einn mánuð í senn, frá fyrsta degi hvers mánaðar.

Annar kafli um almenna vexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 4. og 8. gr. sömu laga og gilda vextir samkvæmt þessum kafla næsta almanaksmánuðinn eða uns næsta tilkynning birtist.

Vextir sem breytast eru merktir með stjörnu (*) og innan sviga þar við eru sýndir vextir fyrir breytingu.

**Vextir alls á ári
f.o.m. 1. október 2021**

I. Dráttarvextir af peningakröfum í krónum

1.	Grunnur dráttarvaxta ¹	2,00% (1,75%)*
2.	Vanefndaálag ²	7,00%
3.	Dráttarvextir ³	9,00% (8,75%)*


**Vextir alls á ári
f.o.m. 1. október 2021**

II. Almennir vextir

1.	Vextir óverðtryggðra lána skv. 4. gr. ⁴	3,65% (3,45%)*
2.	Vextir verðtryggðra lána skv. 4. gr. ⁴	1,90%
3.	Vextir af skaðabótakröfum ⁵	2,43% (2,30%)*

Um leið og tilkynning þessi öðlast gildi hinn 1. október 2021, fellur úr gildi tilkynning nr. 08/2021, dags 18. ágúst 2021, um dráttarvexti og vexti af peningakröfum.

**Reykjavík, 17. september 2021
SEDLABANKI ÍSLANDS**


Rannveig Sigurðardóttir


Logi Ragnarsson

¹ Grunnur dráttarvaxta er miðaður við nafnvexti á lánum gegn veði hjá Seðlabanka.

² Vanefndaálag er sjö hundraðshlutar, nema um annað sé samið skv. 2. mgr. 6. gr. laganna.

³ Dráttarvextir eru samtala grunns dráttarvaxta og vanefndaálags. Seðlabankinn skal birta dráttarvexti eigi skemur en viku fyrir gildistökudaga dráttarvaxta, sem eru fyrsta dag hvers mánaðar.

⁴ Almenna vexti sbr. 3. gr. laganna skal því aðeins greiða af peningakröfum að það leiði af samningi, venju eða lögum. Þegar hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin, skulu vextir vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna. Þar sem um verðtryggða kröfu er að ræða skulu vextir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna.

Í bráðabirgðaákvæði I í lögum nr. 38/2001 segir: „Nú segir í lánnssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við vegið meðaltal ársávoxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, meðalútlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða eða meðalútlánsvexti sem Seðlabanki Íslands birtir, eða vísað er með öðrum almennum hætti til vaxta á markaði, og skulu þá vextir af þessum peningakröfum, eftir gildistöku laganna, vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 2,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.

Nú segir í lánnssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við hæstu lögleyfðu vexti á hverjum tíma, hæstu vexti á markaðnum eða vísað er með öðrum almennum hætti til hæstu vaxta á markaði og skulu þá vextir af þessum peningakröfum eftir gildistöku laganna vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 4,5%, þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.“

⁵ Vextir af kröfum um skaðabætur, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna skulu á hverjum tíma vera jafnháir tveimur þriðju hlutum vaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. málslíð 4. gr. laganna.